



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

Stjórnarfundur haldinn í húsnæðir Þyts þann 7. Nóvember 2024

Fundur hófst: 19:35

Fundi slitið: 21:27

Fundinn sátu: Markús Elvar Pétursson, Helga Veronica Foldar, Þóra Z. Þórðardóttir, Gabríel Pétursson, Freydís Björnsdóttir, Thomas Viderö og Rán Pétursdóttir, Þórhallur Sigurðarson

Funargerð ritaði: Rán

Dagskrá

1. Samþykkt fundargerða

- Fundargerðir samþykktar frá 8. Október og 22. Október samþykkt.

2. Myndavélamálið

- Stjórn upplýst um viðkvæmt mál sem ekki er hægt að fjalla um í fundargerð.

3. Æfingastarfið hjá krökkunum

- Markús vill að þjálfarar fái lykla að þyt til þess að þau geti opnað húsið fyrir æfingar. Niðurstaðan að við bíðum aðeins með það þó svo að þau séu að standa sig mjög vel.
- Æfingar hafa gengið mjög vel í vetur hjá ungu þjálfurunum okkar.

4. Vetrardagskráin

- Vetrardagskrá samþykkt og það þarf að setja hana inn á vefinn. Ritari fer í málið.
- Æfingar – Mið: kl. 17-19 – Fös: 17-19 - Lau: 13-16:30
- Kayakróður – kominn á sunnudaga. Staðfest af Jóni Kristni formanni róðrardeildar.
- Tillaga að vinnuvöldum, skemmti- eða fræðslukvöldum á þriðjudögum. Fræðslukvöld yrðu þá sérstaklega kynnt. Samþykkt af stjórn.

5. Breytingar á lögum Þyts

- Markús er búinn að ræða við Þórð sem er viljugur í að fara í að gera tillögur að lagabreytingum fyrir Þyt sem stjórn getur svo lagt fyrir aðalfund.

6. Stóru verkin fram til vors

- Aðalfundur í síðasta lagi 15. Febrúar. Markús leggur til 2. Febrúar kl 14
- Það er stórafmæli á næsta ári en Þytur verður 50 ára 19. Apríl næstkomandi. Það þarf að bjóða stjórnnum allra íþróttafélaga í HFJ, öllum siglingaklúbbum landsins, SÍL, hafnarstjórn, Bæjarfulltrúum Hafnarfirði, öllum fyrri formönnum Þyts, heldri félagsmönnum og svo þarf að bjóða öllum félagsmönnum Þyts. Tillaga samþykkt um að vera með sérstaka nefnd sem heldur utan um afmælisfögnuðinn.
- Fyrsta opna húsið er svo 24. Apríl 2025 á sumardaginn fyrsta.
- Marti og Laura. Það er mögulegt að hafa samband við þau strax og kanna áhuga þeirra á því að koma aftur.
- Dagskráin fyrir næsta sumar, það er ekki þörf á að breyta henni. Spurning varðandi hvernig við mönnum opnum húsin en það þarf að vera til staðar fyrirkomulag þar



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

sem þau falla ekki alltaf á sömu herðarnar. Ánægja með starf Arons og vilji stjórnar að fá hann aftur til starfa næsta sumar.

- f. Opna aðgang að námskeiðunum 15. Febrúar. Nýta líka Sportabler líka í að auglýsa snemma í námskeiðin.
- g. 6. Bekkjar heimsóknirnar. Það þarf að gera skýrsluna – Rán.
- h. Undirbúningur fyrir sumarnámskeið. Það þarf strax að byrja að hamra á bænum með að fá að vera með 18 ára starfsmenn á vegum vinnuskólans á sumarnámskeiðum.
- i. Þurfum að huga að því að fá viðurkenningu sem fyrirmyndarfélag.
- j. Kanna þarf hvaða styrki ÍBH og ÍTH bjóða uppá.

7. Önnur mál

- a. Engin önnur mál.